

Akureyri 20. apríl 2020

Kæri viðtakandi

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) 2020 verður haldinn miðvikudaginn 20. maí nk. kl. 20:00 í húsnæði stofnunarinnar að Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 11. gr. skipulagsskrár AkAk:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðun reikninga.
3. Upptalning nýrra fulltrúa.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.
5. Fjárhagsáætlun og árgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

Starfsárið sem nú er senn á enda hefur verið viðburðaríkt á margan hátt. Það sem helst stendur upp úr eru flutningar úr Árholti í Verksmiðjuna að Glerárgötu 34 vorið 2019, kaup á nýju húsnæði að Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri í byrjun ársins 2020 og flutningar þangað í febrúar. Einnig urðu þær breytingar að Kristín Heba Gísladóttir sem hefur verið framkvæmdastjóri AkAk undanfarin fjögur ár lét af starfi um miðjan mars sl. og í starfið var ráðin, Aðalheiður Steingrímsdóttir.

Þér hefur borist í heimabanka árgjald til AkAk kr. 1500 vegna ársfundar 2020. Með því að greiða árgjaldið gerist þú fulltrúi í AkAk starfsárið 2020-2021. Vakin er athygli á því að samkvæmt 8. gr. skipulagsskrár AkAk er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald fyrir ársfund en fundurinn er engu að síður öllum opin.

Við í AkureyrarAkademíunni þökkum fulltrúum fyrir samstarfið á árinu og bjóðum nýja fulltrúa hjartanlega velkomna. Við vonumst til að sjá sem flesta á ársfundi stofnunarinnar.

F.h. AkureyrarAkademíunnar

Steinunn Arnars Ólafsdóttir
Formaður stjórnar